


Þæfður engill

Höfundur: Snjólaug Guðrún Sigurjónsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 1.–7. bekk



Aðferð:

Þæfing
Handsaumur

Áhöld:

- ✓ Plastpoki
- ✓ Bóluplast
- ✓ Grisjuefni
úr polyester eða akryl
- ✓ Bastmotta
- ✓ Nál

Efni:

- ✓ Ullarkemba
- ✓ Tala
- ✓ Tjull
- ✓ Bómullargarn

Vinnulýsing fyrir nemendur

1 *Bæfing:*


Höfuð

- Vefjið ullarkembu í lítinn bolta sem kemst vel fyrir í lófa.
- Dýfið boltanum í heitt sápuvatn, setjið hann í lítinn plastpoka og hnýtið fyrir.
- Byrjið á því að velta boltanum varlega í lófa eins og þið hnoðið snjóbolta.
- Smám saman megið þið hnoða fastar og rúlla boltanum í lófum ykkar eins og þið mótið kókoskúlu.
- Að lokum skuluð þið kreista boltann fast. Rúllið á milli svo formið haldist.
- Þegar boltinn er orðinn frekar harður skuluð þið taka hann úr pokanum og skola sápu úr honum og þurrka.



Kjól


- Veljið lit í kjól á engilinn.
- Takið ullarkembu, rífið hana í þunna lagða og leggið á bóluplast. Leggið 2–3 lög af ullarkembu á plastið og látið lögin snúa þvert á hvert annað.
- Leggið þéttofið grisjuefni yfir og bleytið með heitu sápuvatni. Þrýstið lófanum á ullina svo hún blotni í gegn og allt loft fari úr henni.
- Nuddið nú vel og lengi. Lyftið efninu og snúið ullinni við.
- Þegar ullin er farin að festast saman skuluð þið taka grisjuefnið af og rúlla bóluplastinu upp með ullinni inn í. Rúllið vel og lengi. Snúið ullinni við annað slagið.
- Ef bastmotta er til er gott að enda á því að rúlla ullinni í henni.
- Skolið ullina og þurrkið.
- Klippið þríhyrning út úr ullinni.



Fallegt er að hafa brún á ullarstykkinu sem neðstu brún kjólsins.



- 2 Klippið nú bít af tjulli sem er mátulega stór í báða vængina.
- 3 Veljið ykkur tölu sem ykkur finnst passa sem geislabaugur.
- 4 Þræðið nál með sterku bómullargarni.
- 5 Rykkið tjullið saman í miðjunni og saumið nokkur saumspor í það.
- 6 Stingið í gegnum kjólinn efst og saumið fast við tjullið með tveimur sporum.
- 7 Stingið í gegnum höfuðið og síðan töluna.
- 8 Gerið efst lykkju á bandið og hengið engilinn upp.



Til kennara

Verkefnið hentar jafnt fyrir 1. bekk sem og 7. bekk.

Yngstu nemendurnir þurfa meiri aðstoð og snið fyrir kjól og vængi.

Best er að setja engilinn saman fyrir þau. Það tekur enga stund.